

## **Félagsfundur í Alliance Française 25. september 2015 kl. 17.00.**

**Viðstödd:** Jóhanna Björk, Sigurbjörg G., Eyjólfur Már, Hulda Sif, Eva Leplat, Sigríður Anna, Sigurborg, Catherine Eyjólfsson, Hrefna Clausen, Sophie frá AF, Bjarki Berg, Bergrós.

### **Dagskrá:**

#### **1. Starfið í vetur:**

- Miðað er við að halda næsta félagsfund í nóvember.
- Lögð var fram hugmynd að „matarhitting“ eða „soirée gastronomique“ þar sem félagar kæmu saman í heimahúsi og hver og einn kæmi með franskar veitingar.
- Frönskukeppni framhaldsskólanema: henni verður líklega haldið áfram og hefur komið upp sú hugmynd að sniðugt væri að tengja þemað 2016 við Evrópukeppnina í fótbolta.
- Félagsgjöldin: viðstaddir voru minntir á að félagsgjöldin voru hækkuð upp í 4000 kr. í fyrra og að gjaldkeri muni brátt senda út rukkun.
- Tveir nýir félagar bættust í hópinn á haustdögum: Svanhildur Snæbjörnsdóttir (kennari í Hagaskóla) og Bjarki Berg Guðmundsson (er að kenna í FG á þessari önn).
- Módelprófið: Eyjólfur talaði um að enn eigi eftir að klára að vinna úr athugasemdunum frá Graz og ljúka við prófið, hugsanlegt að sú vinna fari fram í tengslum við félagsfund í nóvember.
- Sú hugmynd kom upp á þingi norrænna frönskukennara í Finnlandi í vor að hafa sameiginlega videosamkeppni á vegum norrænu kennarafélaganna. Hugsanlega verður reynt að koma því á fót fyrir næsta haust.
- Gaëlle frá sendiráðinu vill boða til fundar um stöðu frönskunnar með sendiráðinu, AF, kennurum og öllum sem hafa eitthvað með frönskukennslu að gera. Hugmyndin er sú að hjálpa okkur að finna leiðir til þess að viðhalda frönskukennslunni í skólunum. Sá fundur verður líklega í nóvember.

#### **2. Styrkur MMR til faggreinafélaga.**

Breytingar hafa orðið á styrkveitingu til faggreinafélaga. Formenn félaganna innan STÍL hittast næsta þriðjudag með STÍL – fulltrúum, til þess að semja bréf og mótmæla og biðja um nánari skýringar í framhaldinu.

3. Fundur CEO í Kaupmannahöfn í lok október. Félagið mun sækja um styrk til Rannís, SEF.

4. Heimsping FIPF verður í júlí 2016. Vilji er til þess til að senda fulltrúa félagsins á þingið, hægt að fá styrk frá KÍ til þess sem sótt verður um.

**Önnur mál:**

- Sumarnámskeiðið 2016: Sú hugmynd kom upp að tengja sumarnámskeið við heimspingið í Liège. Rætt var um möguleikann á að halda námskeiðið erlendis 2016 og þarf að hefja undirbúning á því fljótlega, biðja um tilboð að utan ef að vilji er til þess. Eyjólfur tekur að sér að senda könnun á félagsmenn á netinu um námskeiðið; hvort fólk hefur áhuga á að fara utan vorið 2016.

- Sigríður Anna Guðbrandsdóttir sagði frá námsleyfi sínu 2014-2015. Fyrri hluta ársins var hún í Montpellier. Seinni hluta ársins var hún á Martinique. Fór í skólana sem „auditeur libre“.

Fundi slitið kl. 18.30.